

## Lykilupplýsingaskjal

### Tilgangur

Þetta skjal veitir lykilupplýsingar um þessu fjárfestingavöru. Þetta er ekki markaðsefni. Það er skylda að lögum að veita þessar upplýsingar til að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað, mögulegan ávinning og tap af þessari vöru og auðvelda þér að bera hana saman við aðrar vörur.

### Vara

**Heiti vöru:** Pacific Longevity and Social Change Fund EUR I Accumulating

**PRIIP framleiðandi:** Pacific Capital Partners Limited

**ISIN:** IE000X7AA4X7

**Vefsetur:** [www.pacificam.co.uk](http://www.pacificam.co.uk)

Hringið í +44 (0)20 3970 3100 til að fá nánari upplýsingar.

Central Bank of Ireland (CBI) ber ábyrgð á umsjón með Pacific Capital Partners Limited í tengslum við þetta skjal lykilupplýsinga.

Afurðin er undirsjóður Pacific Capital UCITS Funds plc (fyrirtækið). Fyrirtækið hefur heimild til reksturs á Írlandi, lýtur eftirliti Seðlabanka Írlands og hefur verið skráð til sölu í öðrum aðilaríkjum EES.

Pacific Capital Partners Limited hefur heimild til reksturs á Englandi og lýtur eftirliti fjármálaeftirlitsins (FCA).

**Þetta lykilupplýsingaskjal er rétt frá og með 01 janúar 2023.**

### Hvaða vara er þetta?

#### Tegund

UCITS

#### Tímabil

Fyrirtækið er opin afurð með ótilgreindan gjalddaga.

#### Markmið

Fjárfestingarmarkmið afurðarinnar er ná fram verðmætisaukningu í Bandaríkjadóum til lengri tíma. Með tilliti til þess fjárfestir afurðin fyrst og fremst í hlutabréfum og hlutabréfatengdum gerningum fyrirtækja sem eru tengd við hækkandi meðalaldur og auknar lífslíkur fólks um allan heim, ásamt því að hafa umhverfisleg, félagsleg og stjórnunarleg viðmið (UFS) til hliðsjónar í fjárfestingaferlinu. Afurðin leitast við að ná fjárfestingarmarkmiði sínu með því að fjárfesta í hlutabréfum fyrirtækja um allan heim sem eru tengd við hækkandi meðalaldur og auknar lífslíkur fólks (svokallað langlífishagkerfi). Fjárfestingastjórinн telur að fjárfesting í langlífishagkerfinu og ýmsum samfélagsþáttum, s.s. (1) menntun og vellíðan, (2) langtímaneytendum, (3) heilbrigðiskerfinu og (4) lífsgæðum eldri borgara, muni skila fjárfestum hagnaði á sama tíma og þetta eflir jákvæða samfélagsþróun með því að beina fjárfestingum til fyrirtækja eða verkefna sem stuðla að einhverju leytí að hækkuðum meðalaldri fólks eða bjóða upp á vörur eða þjónustu sem stuðla að bættum lífsgæðum eldri borgara. Fjárfestingastjórinн skal hafa UFS-viðmið til hliðsjónar sem og ákveðnar útlokunar- eða skimumnarþætti þegar leitast er eftir hentugustu fjárfestingum afurðarinnar. Afurðin skal fjárfesta að minnsta kosti 70% af hreinni eign sinni í hlutabréfum og hlutabréfatengdum verðbréfum fyrirtækja sem bjóða upp á vörur í þeim flokkum sem taldir voru upp hér að ofan. Afurðin getur fjárfest í hlutabréfum með hvaða markaðsverðmæti sem er en þó er gert ráð fyrir að minnsta kosti 85% af afurðinni séu fjárfest í fyrirtækjum sem metin eru á yfir 2 milljarða Bandaríkjadalra. Afurðin fjárfestir iðulega í um 40 til 60 hlutabréfaeignum en kann að fara út fyrir þau viðmið öðru hvoru. Afurðin er undir virkri stjórn og er hvorki ætlað að fylgja viðmiðum né vísítolutakmörkunum. Afurðin notast við vísítoluna MSCI AC World Total Return Net til samanburðar og til þess að reikna árangursþóknun fyrir tiltekna hlutdeildarflokka. Afurðin er ekki háð takmörkunum um hversu hátt hlutfall af nettóeignum megi fjárfesta í einu landi eða svæði. Afurðin mun ekki fjárfesta meira en 20% af innra virði sínu á nýmörkuðum. Afurðin

getur fjárfest allt að 10% af hreinni eign sinni í óskráðum framseljanlegum verðbréfum, þ.m.t. óskráðum lokaðum fjárfestingarsjóðum. Afurðin getur fjárfest allt að 10% af hreinni eign sinn í ábyrgðum og réttindum sem gefin eru út af fyrirtækjum sem eru skráð eða verslað er með á viðurkenndum mörkuðum og kauphöllum. Afurðin má ekki fjárfesta í verðbréfum með föstum tekjum en getur fjárfest allt að 15% af hreinni eign sinni í forgangshlutabréfum. Afurðinni er heimilt að nota afleiður (þ.e. fjármálagerninga með verð sem er háð einni eða fleiri undirliggjandi eignum („FDI“)) fyrir skilvirkra stýringu eignasafns (svo sem varnir gegn fyrirséðum hreyfingum á markaði eða verðbréfi eða þar sem það er efnahagslega hagkvæmara en að eiga undirliggjandi eignina beint). Ekki má skulđsetja yfir 100% af innra virði afurðarinnar með notkun afleiða. Grunn gjaldmiðill afurðarinnar er Bandaríkjadalur. Gjaldmiðill þessa flokks er evra. Hlutabréfaflokkar sem hafa engan grunngjaldmiðill eru óvarðir. Tekjum sem skila sér af fjárfestingum í afurðinni verður ekki dreift heldur haldið innan afurðarinnar.

#### Fyrirhugaður almennur fjárfestir


Afurðin er ætluð fjárfestum sem gera sér grein fyrir áhættustigini, geta polað meðalmiklar sveiflur og geta tekið á sig mögulegt tap (allt að allri fjárfestu fjárhæðinni) af fjárfestingu í afurðinni. Afurðin er hönnuð til að vera hluti af fjárfestingasafni.

#### Mikilvægar upplýsingar

- Fyrirtækið er fjárfestingarfyrirtæki með breytilegt fjármagn sem er skráð á Írlandi með fyrirtækjanúmerið 553111. Það er stofnað sem regnhlífarsjóður með aðskilda áhættu milli undirsjóða.
- Citi Depository Services Ireland Designated Activity Company er vörsluaðili fyrirtækisins.
- Frekari upplýsingar um fyrirtækið, afurðina og mismunandi flokka hlutabréfa (þ.m.t afrit af núverandi útboðslýsingu, viðbótarlýsingu og nýjustu ársskýrslu og reikningsskilum) eru aðgengilegar á netinu á [www.pacificam.co.uk](http://www.pacificam.co.uk).
- Fjárfestar geta skipt hlutabréfum sínum í afurðinni út fyrir hlutabréf í öðrum undirsjóðum Pacific Capital UCITS Funds plc, að því gefinu að þeir uppfylli skilyrði fyrir fjárfestingar í öðrum undirsjóð(um). Frekari upplýsingar um skipti er að finna í útboðslýsingunni sem og viðbótarlýsingunni.

## Hver er áhættan og hvað fengi ég í staðinn?

### Áhættuvísir



Í áhættuvísinum er gert ráð fyrir að þú eигir vöruna í 5 ár. Raunveruleg áhætta gerur verið verulega breytileg ef selt er snemma og þú gætir borið minna úr býtum. Samantekinn áhættuvísir er til leiðbeiningar um áhættustig þessarar vöru í samanburði við aðrar. Hann sýnir hve líklegt er að varan taki peningum vegna hreyfinga á markaði eða vegna þess að við getum ekki borgað þér.

Þetta gefur til kynna að meðalmikil hætta sé á taki vegna framtíðarárfomu og að slæmar markaðsaðstæður gætu haft áhrif á getu framleiðanda pökkuð og vátryggingatengdu fjárfestingarárfarinna til að greiða þér.

Við höfum flokkað þessa vöru sem 4 af 7, sem er miðlungs áhættuflokkur.

Ef óeðlilegar markaðsaðstæður koma upp sem kunna að valda aukinni áhætta skal sjá kaflann „Áhættumat“ í útboðslýsingunni og viðbótarlýsingunni.

Þessi vara felur ekki í sér neina vörn gegn markaðsframmistöðu í framtíðinni og því gætir þú tapað hluta af eða allri fjárfestingu þinni.

Takist okkur ekki að borga það sem skuldað er, gætir þú tapað allri fjárfestingu þinni.

### Sviðsmyndir frammistöðu

Sýndar tölur fela í sér allan kostnað vörunnar sjálfrar, en það getur verið að þær feli ekki í sér allan kostnað sem þú þarfst að greiða ráðgjafa þínum eða söluaðila. Tölurnar fela ekki í sér skattastöðu þína, en gætu haft áhrif á hve mikið þú berð úr býtum.

Það hve mikið þú færð af þessari vöru fer eftir markaðsframmistöðu í framtíðinni. Markaðsprórun í framtíðinni er óviss og ekki er hægt að spá fyrir um hana með vissu.

Þær óhagstæðu, hóflegu og hagstæðu sviðsmyndir sem sýndar eru byggja á verstu, miðlungs og bestu afkomu vörunnar og viðeigandi viðmiðs á a.m.k. 10 síðustu árum. Markaðir kunna að breytast með mjög ólikum hætti í framtíðinni.

Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir borið úr býtum við ófgakenndar aðstæður á markaði.

Óhagstæða sviðsmyndin átti við um fjárfestingu í viðmiðinu á milli október 2021 og október 2022.

Hóflega sviðsmyndin átti við um fjárfestingu í viðmiðinu á milli maí 2014 og maí 2019.

Hagstæða sviðsmyndin átti við um fjárfestingu í viðmiðinu á milli október 2012 og október 2017.

Ráðlagður halldimi: 5 ár.

Dæmi um fjárfestingu: EUR 10.000.

Sviðsmyndir		Ef þú selur eftir 1 ár	Ef þú selur eftir 5 ár
<b>Lágmark</b>	<b>Það er engin tryggð lágmarksarðsemi. Þú gætir tapað hluta af eða allri fjárfestingu þinni.</b>		
Álag	Hvað þú gætir borið úr býtum eftir kostnað Arðsemi að meðaltali á ári	1.500 EUR -84,96 %	1.510 EUR -31,45 %
Óhagstætt	Hvað þú gætir borið úr býtum eftir kostnað Arðsemi að meðaltali á ári	8.670 EUR -13,30 %	8.700 EUR -2,75 %
Miðlungs	Hvað þú gætir borið úr býtum eftir kostnað Arðsemi að meðaltali á ári	11.180 EUR 11,75 %	16.130 EUR 10,03 %
Hagstætt	Hvað þú gætir borið úr býtum eftir kostnað Arðsemi að meðaltali á ári	14.430 EUR 44,27 %	20.440 EUR 15,37 %

### Hvað gerist ef Pacific Capital Partners Limited getur ekki greitt út?

Þú kannt að verða fyrir fjárhagslegu tjóni ef framleiðandinn eða vörlufyrirtækið stendur ekki við skuldbindingar sínar. Hvorki er boðið upp á skaðabætur né ábyrgð fyrir slíku tjóni, í heild sinni eða hluta til.

## Hver er kostnaðurinn?

Sá einstaklingur sem ráðleggur þér um eða selur þessa vörum kann að leggja á önnur gjöld. Ef svo er mun sá einstaklingur láta þig fá upplýsingar um þann kostnað og hvernig hann hefur áhrif á fjárfestinguna þina.

### Kostnaður með tímanum

Í töflunum eru þær upphæðir sem teknar eru af fjárfestingu þinni til að greiða fyrir ýmsan kostnað. Upphæðirnar ráðast af hve mikið þú fjárfesti og hve lengi þú átt hana. Upphæðirnar sem sýndar eru hér byggja á dæmi um upphæð fjárfestingar og mismunandi möguleg tímabil fjárfestingar.

Við höfum gert ráð fyrir að:

- Á fyrsta árinu fengir þú aftur upphæðina sem þú fjárfestir (0 % annual return). Hvað varðar önnur haldtímbil höfum við gert ráð fyrir að varan standi sig eins og sýnt er í miðlungs svíðsmyndinni.
- EUR 10.000 er fjárfest.

	Ef þú selur eftir 1 ár	Ef þú selur eftir 5 ár
Kostnaður alls	130 EUR	1.076 EUR
Áhrif af árlegum kostnaði (*)	1,3%	1,4% á ári

(\*) Þetta sýnir hvernig kostnaður minnkar ávöxtun þina á haldtímanum. Til dæmis sýnir það að ef þú selur á þeim tíma sem mælt er með er því spáð að ársávöxtun þin verði að meðaltali 11,5% fyrir kostnað 10,0% eftir kostnað.

Við kunnum að deila hluta af kostnaðinum með þeim einstaklingi sem selur þér vörum fyrir þá þjónustu sem við veitum þér. Sá einstaklingur mun upplýsa þig um upphæðina.

### Samsetning kostnaðarins

Einskíptiskostnaður við kaup eða sölu	Ef þú selur eftir 1 ár
Kaupkostnaður	0 EUR
Sölukostnaður	0 EUR

### Viðverandi kostnaður [innheimtur árlega]

Umsjónargjöld og annar kostnaður vegna umsýslu eða rekstrar	1,1% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun á grunni raunkostnaðar á síðasta ári.	110 EUR
Viðskiptakostnaður	0,2% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er mat á kostnaði sem fellur til þegar við kaupum og seljum fjárfestingar sem liggja til grundvallar afurðinni. Raunveruleg fjárhæð er breytileg eftir því hversu mikið við kaupum og seljum.	20 EUR

### Tilfallandi kostnaður við tilteknar aðstæður

Afkomugjöld	Það er engin árangursþóknun fyrir þessa afurð.	0 EUR
-------------	--	-------

## Hve lengi ætti ég að eiga og get ég tekið peningana út fyrr?

### Ráðlagður haldtími: 5 ár

Líta skal á afurðina sem fjárfestingu til meðallangs eða langs tíma. Þetta merkir a.m.k. fimm ár eða meira. Þú getur selt hluti í afurðinni á öllum viðskiptadögum samkvæmt skilgreiningunni í útboðslýsingunni með því að nota einhvern af þeim samskiptamáttum sem þar koma fram. Engin útgöngugjöld verða innheimt. Frekari upplýsingar er að finna í töflunni „Sundurlíðun kostnaðar“.

## Hvernig get ég kvartað?

Ef þú vilt leggja inn kvörtun varðandi fyrirtækið, afurðina eða háttarni framleiðanda pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingaráfurðarinnar fyrir almenna fjárfesta (PRIIP), má gera það með því að:

- 1) Senda tölvupóst á compliance@pacificam.co.uk
- 2) Senda póst á: The Head of Compliance, Pacific Asset Management, 1 Portland Place, London, W1B 1PN, UK

Skoðaðu einnig kaflann „Málsmeðerð kvartana“ á vefsíðu framleiðanda pökkuðu og vátryggingatengdu fjárfestingaráfurðarinnar fyrir almenna fjárfesta, www.pacificam.co.uk, fyrir nánari upplýsingar.

Kvartanir varðandi háttarni aðilans/aðilanna sem veita ráðgjöf um eða selja afurðina ættu að berast viðkomandi aðila/aðilum eða fyrirtæki þeirra.

## Aðrar viðeigandi upplýsingar

- KBA Consulting Management Limited er rekstrarfélag fyrirtækisins sem hefur heimild til reksturs á Írlandi og lýtur eftirliti Seðlabanka Írlands.
- Afurðin er í umsjón Pacific Capital Partners Limited (fjárfestingastjóri) sem hefur heimild til reksturs og lýtur eftirliti fjármálaeftirlitsins.
- Hægt er að sjá innra virði hvers hlutabréfs, afkomu síðustu ára og árangurssviðsmyndir afurðarinnar síðastliðin 10 ár á www.pacificam.co.uk.
- Afurðin er háð skattlagningu á Írlandi sem hefur hugsanlega áhrif á persónulega skattstöðu þína sem fjárfestir í afurðinni. Fjárfestar ættu að ráðfæra sig við eigin skatráðgjafa áður en þeir fjárfesta í afurðinni.
- Nánari upplýsingar um starfskjálastefnu framkvæmdastjóra eru aðgengilegar á <https://kbassociates.ie>. Prentað eintak af starfskjálastefnum verður gert aðgengilegt án endurgjalds ef óskað er eftir því.